

Fundargerð

Kópavogi, 7.2.2017
Tilvísun: 2016-2417

Efni fundar: Fundur fagráðs náms- og gæðamats

Fundarmenn: Anna Lind Pétursdóttir, Fjóla Þorvaldsdóttir, Guðbjörg Ragnarsdóttir, Gylfi Jón Gylfason, Jón Pétur Zimsen, Margrét Halldórsdóttir

Fjarverandi: nöfn í stafrófsröð

Fundarritari: Gunnhildur Steinarsdóttir

Dagskrá fundar:

1. Kynning á fagráði
2. Hlutverk fagráðs
3. Önnur mál

Umræður og ákvarðanir:

Gylfi setti þennan fyrsta fund fagráðs náms- og gæðamats Menntamálastofnunar kl. 8:15 og fundargestir kynntu sig.

Gylfi Jón las upp reglugerð um stofnun og fagráð Menntamálastofnunar [nr. 530/2016](#) til að fundargestir hefðu svipaðan skilning á henni og til að taka afstöðu til hvers sé er ætlast af fagráðinu og hvernig haga eigi starfinu. Fagráðið sjálft mun setja sér starfsreglur.

Fram kom að mikilvægt er að senda formlegt fundarboð til fagráðsins með dagskrá og góðum fyrirvara. Mikilvægt er að þegar fagráð fær minnisblöð til umsagnar þurfa þau að berast tímanlega. Gylfi Jón sagði að það yrði orðið við þeim óskum. Rætt var um mikilvægi þess að fagráð fengi tímanlega yfirlit yfir þau verkefni sem eru á döfinni hjá MMS til þess að geta rætt þau við sitt bakland.

Spurt var hvort það væri fundarritari. Gunnhildur tók að sér fundarritun að beiðni Gylfa Jóns.

Ekki voru allir vissir um hvort að erindisbréf hafi borist þeim og var ákveðið að Gunnhildur fengi staðfestingu á að þau hafi hefðu verið send út.

Rætt var hver væri munurinn á fagráði og samráðshópi og þau svör fengust að samráðshópur væri stærri og settur saman eftir að haghafagreining var framkvæmd. Menntamálastofnun hafi hins vegar auglýst eftir fulltrúum í fagráð. Þar skuli vera fulltrúar háskóla, fræðslustjóra, skólustjóra, grunnskóla og leikskóla.

Rætt var um áhrif fagráðs á ákvörðunartöku Menntamálastofnunar. Fram kom að fagráðið skuli vera stofnuninni til ráðgjafar og aðstoðar svo hún geti sem best sinnt lögbundnu hlutverki sínu. Það er skoðun MMS að samráð sé nauðsynlegt og verði afstaða fagráðs sett í fundargerð þegar fjallað er um ákveðin málefni.

Rætt var hvort fagráðið mætti eiga frumkvæði af því um hvað yrði fjallað um. Gylfi Jón sagði svo vera og bað um að tillögur yrðu sendar til sín sjö dögum fyrir fund og þær yrðu þá settar á dagskrá. Nefnt var sem dæmi að ræða þyrfti ytra mat grunnskóla og leikskóla.

Ákveðið var að fulltrúar í fagráði gætu lagt fram mál til umfjöllunar í fagráði. Þær tillögur þarf að senda Gylfa Jóni sjö dögum fyrir fund svo hægt sé að setja þau á dagskrá.

Rætt var um þá hugmynd að taka ritun úr samræmdum könnunarprófum. Gylfi Jón bað ráðið að senda sér hugleiðingar um það og það yrði tekið upp á næsta fagráðsfundi.

Talið barst að PISA og þeirri ákvörðun að birta ekki niðurstöður hvers skóla. Bent var á að það hefði verið gott að ræða um þá ákvörðun í fagráði áður en hún var tekin. Misjafnar skoðanir komu fram um hvort birta eigi niðurstöður skóla.

Ákveðið var að funda fljótlega aftur og þá mun fagráðið fá kynningu á verkefnum matssviðs. Gylfi Jón benti á að á þeim 15 mánuðum sem MMS hefur starfað hafi gengið yfir stærstu breytingar í skólakerfinu í mörg ár og nefndi þar nýjan matskvarða, rafræn samræmd próf, stöðupróf í lestri o.s.fr.

Fundi slitið kl. 9:36.

Næsti fundur: 23. febrúar kl. 10.

Undirskrift/upphafsstafir fundarritara:

GS